

Hvað er leitir.is?

Leitir.is veitir aðgang að fjölbreyttu vísinda-, fræðslu- og afþreyingarefni.

Vefurinn veitir upplýsingar um bækur, hljóðbækur, raðbækur, tímarit, tímaritsgreinar, ljósmyndir, myndefni, tónlist, hljóðrit, nótur, skýrslur og lokaverkefni háskólanema. Hluti gagnanna er í rafrænum aðgangi.

Hægt er að hlaða niður tímaritsgreinum, bókum og skýrslum á eigin lestæki eða tölvu. Auðvelt er að finna bækur og tímarit bókasafna og innskráður notandi getur tekið frá efni eða endurnýjað útlán.

Leitir.is mun taka við af vefnum gegnir.is.

Hvaðan koma gögnin?

Eftirtalin gagnasöfn eru í leitir.is:

- ▲ Gegnir – samskrá íslenskra bókasafna með tengingu í timarit.is og bækur.is
- ▲ Landsaðgangur hvar.is og áskriftir háskóla – erlendar rafrænar fræðigreinar og bækur
- ▲ Skemman – lokaverkefni og fræðirit íslenskra háskóla
- ▲ Hirsla – vísinda- og fræðsluefnissafn Landspítalans
- ▲ Myndavefur Ljósmyndasafns Reykjavíkur
- ▲ Raðbækur Norræna hússins

Fleiri gagnasöfn eiga eftir að bætast við.


Hjálp

Nánari leiðbeiningar um notkun leitir.is er að finna hér:



<http://leitir.is/hjalp>

Notaðu leitir.is í símanum



Landskerfi bókasafna hf. © 2014




<http://leitir.is>



leitir.is

Safnagáttin þín





Að leita

Hægt er að byrja leitina vítt en síðan má þrængja niðurstöðurnar eftir mismunandi flokkum sem birtast vinstra megin við þær. Fyrir ofan niðurstöður birtast valdir flokkar þar sem meðal annars er hægt að þrængja við rafræn gagnasöfn. Niðurstöðum má raða á mismunandi vegu. Í *ítarlegri leit* er mögulegt að leita eftir samsettum skilyrðum eins og titli, höfund, efnisorði, útgáfuári, efnistegund og tungumáli. Undir *Fletta A-Ö* er hægt að fletta í Gegni eftir efni, höfundum og titlum í stafrófsróð.

Velja safn

Hægt er að takmarka leit við ákveðið safn undir *Velja safn*. Þar þarf að smella á safnahóp og velja síðan safnið úr fellilista. Til að leita aftur í öllu efni á leitir.is er *öll söfn* valið úr fellilistanum.

Hvenær er þörf á innskráningu?

Á *Mínum síðum* getur innskráður notandi skoðað útlán og endurnýjað, tekið frá efni, beðið um millisafnalán, vistað leitir, vistað færslur og notað árveknipjónustu. Undir *Mínar síður / Stillingar* er hægt að breyta notandaupplýsingum og lykilorði fyrir innskráningu, stilla fjölda niðurstaðna á síðu og velja tungumál vefsins. Starfsfólk bókasafna úthlutar notandaauðkenni í samræmi við óskir notanda.

Þrængja leitarniðurstöður

Þrængja má niðurstöður til dæmis eftir tegund, gagnasafni, efni, höfund, tungumáli og útgáfuári. Undir *Fleiri möguleikar* er hægt að þrængja leitina eftir fleiri en einu atriði í einu. Þar er líka hægt að sleppa atriðum úr leitinni. Til að fjarlægja afmörkun er smelt á X-ið.

Staðsetning og frátektir

Undir flípanum *Staðsetning & frátektir* sést hvaða bókasöfn eiga eintök af efninu. Söfnin birtast í lista eða eru valin úr felliglugga. Til að sjá upplýsingar um eintökin er smelt á plúsinn **+** fyrir framan heiti safnsins. Hægt er að taka frá eintak ef öll eintök safns eru í útláni.

The screenshot shows the search results page on Leitir.is. On the left, there is a sidebar with filters for 'Efni', 'Ljóð', 'Íslenskar bókmenntir', 'Jólasveinar', 'Fleiri möguleikar', 'Höfundur', 'Tungumál', 'Útgáfuár', 'Bókmenntategund', and 'Sýna aðeins'. The main content area shows search results for 'Niðurstöður 1 - 10 af 42 fyrir öll söfn'. The first result is a book by Svanur Jóhannesson and Ragnheiður Ragnarsdóttir, titled 'Hveragerði : er heimsins besti staður / [af útgáfunni unnu Svanur Jóhannesson og Ragnheiður Ragnarsdóttir]'. Below the title, there are tabs for 'staðsetning & frátektir', 'náðar', 'millisafnalán', 'notendaumfjöllun', and 'önnur þjónusta'. The 'staðsetning & frátektir' tab is active, showing a list of libraries with their respective counts. A dropdown menu is open on the right side of the page, showing options like 'Bæta í rafræna hillu', 'Tölvupóstur', 'Prenta', 'EndNote Web', 'Uppruni færslu', and 'RefWorks'.

Rafræn hilla

Með því að smella á stjörnuna fyrir framan titil er hægt að færa færslu í rafræna hilluna og búa þannig til leslista eða heimildalista. Til að færa alla síðuna á lista þarf að smella á *Bæta síðu í rafræna hillu*. Innskráning er nauðsynleg ef vista á færslur í rafræna hillunni og þar eru einnig verkfæri til að flokka þær í mismunandi möppur eða flytja í heimildaskráningarforrit.

Senda færslu

Undir flípanum *Náðar* er hægt að prenta út og senda færslu í tölvupósti eða heimildaskráningarforrit.